	14.054	102.734	116.788

A og B hluti samtals:

Staða lána í ársbyrjun	42.486	492.711	535.197
Afborganir af lánum	(7.342)	(42.873)	(50.215)
Verðbætur og gengismunur	(3.312)	17.749	14.437
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	31.832	467.587	499.419
Næsta árs afborganun	(7.074)	(42.696)	(49.770)
	24.758	424.891	449.650

Vaxtakjör í árslok 2013 1,0% - 1,1% 1,0% - 6,0%

Lán í erlendum gjaldmiðlum eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2014.....	18.708	49.770
Árið 2015.....	18.554	49.830
Árið 2016.....	18.810	49.212
Árið 2017.....	19.074	46.883
Árið 2018.....	12.694	39.620
Síðar	47.656	264.105
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	135.496	499.419

17. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti	100%	1.141.472	543.683	597.789
Hafnarsjóður	100%	430.160	310.412	119.748
Vatnsveita	100%	59.501	10.952	48.548
Fráveita	100%	66.333	80.321	(13.988)
Félagslegar íbúðir	100%	58.083	59.310	(1.227)
Lyfsala	100%	5.051	304	4.747
Sundabúð	100%	278	1.766	(1.488)
Atvinnuaukningarsjóður	100%	7.458	0	7.458
Skiphólmi ehf.	100%	102	2.641	(2.539)
Arnarvatn ehf.	100%	46.483	79.915	(33.432)
Millifærslur, innbyrðis staða		(431.405)	(428.705)	(2.700)
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2013		1.383.515	660.599	722.916

18. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum stofnunum; Skólaskrifstofa Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Austurbrú ses., Samband Sveitarfélaga á Austurlandi og Brunavarnir á Austurlandi. Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikning 2013.

Skýringar, frh.:

19. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	Ársreikningur 2013	A hluti		A og B hluti			
		Áætlun 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012	
Í hlutfalli við rekstrartekjur:							
Útsvar	49,4 %	53,1 %	52,6 %	32,4 %	33,8 %	38,6 %	
Fasteignaskattur	5,6 %	6,3 %	5,4 %	3,4 %	3,7 %	3,6 %	
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	27,3 %	24,2 %	25,2 %	17,9 %	15,4 %	18,4 %	
Lóðarleiga.....	0,9 %	0,9 %	0,7 %	0,6 %	0,6 %	0,5 %	
Skatttekjur samtals.....	83,2 %	84,5 %	83,9 %	54,3 %	53,5 %	61,2 %	
Aðrar tekjur	16,8 %	15,5 %	16,1 %	45,7 %	46,5 %	38,8 %	
	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	
Laun og launatengd gjöld	53,1 %	52,7 %	53,3 %	48,9 %	47,8 %	41,6 %	
Annar rekstrarkostnaður	36,1 %	34,2 %	38,5 %	29,2 %	29,7 %	34,6 %	
Afskriftir	5,4 %	5,9 %	5,5 %	6,0 %	5,5 %	6,9 %	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2,1%)	(0,6%)	0,6 %	2,2 %	3,7 %	6,0 %	
	92,5%	92,2%	97,8%	86,3%	86,7%	89,2%	
Rekstrarniðurstaða	7,5 %	7,8 %	2,2 %	13,7 %	13,3 %	10,8 %	
Veltufé frá rekstri	14,0 %	14,3 %	9,9 %	22,1 %	21,2 %	22,4 %	
Fjárfestingarhreyfingar	(35,5%)	(27,1%)	(5,2%)	(21,1%)	(18,8%)	(15,5%)	
Í krónum á íbúa:							
Rekstur:							
Skatttekjur.....	651	627	599	647	623	596	
Aðrar tekjur	132	115	115	545	542	378	
Laun og launatengd gjöld	(415)	(391)	(381)	(582)	(557)	(405)	
Annar rekstrarkostnaður.....	(282)	(254)	(275)	(348)	(346)	(337)	
Afskriftir.....	(43)	(44)	(39)	(72)	(64)	(67)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	17	4	(4)	(26)	(44)	(59)	
Rekstrarniðurstaða	59	58	15	164	155	106	
Sjóðstreymi:							
Veltufé frá rekstri	110	106	71	263	247	218	
Handbært fé frá rekstri	123	106	23	278	247	165	
				A hluti		A og B hluti	
				Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
				2013	2012	2013	2012
Efnahagur:							
Eignir			1.638	1.497	1.985	1.855	
Eigið fé			858	797	1.037	873	
Skuldir og skuldbindingar			780	700	948	982	
Aðrar lykiltölur:							
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri.....							
mælt í árum			1,53	2,73	2,45	3,23	
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/.....							
skammtímaskuldir			0,51	0,87	1,16	1,58	
Eiginfjárlutfall - eigið fé/ heildarfjármagn.....			52%	53%	52%	47%	
Skuldahlutfall - skuldir / rekstrartekjur.....			100%	98%	80%	101%	

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	2013	2012	2011	2010	2009
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar	49,4 %	52,6 %	49,6 %	46,2 %	42,4 %
Fasteignaskattur	5,6 %	5,4 %	5,9 %	5,7 %	5,4 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	27,3 %	25,2 %	28,7 %	31,0 %	30,6 %
Lóðarleiga.....	0,9 %	0,7 %	0,8 %	0,9 %	1,0 %
Skatttekjur samtals.....	83,2 %	83,9 %	85,1 %	83,8 %	79,4 %
Aðrar tekjur	16,8 %	16,1 %	14,9 %	16,2 %	20,6 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	53,1 %	52,7 %	50,4 %	52,1 %	50,2 %
Annar rekstrarkostnaður	36,1 %	34,2 %	33,9 %	33,5 %	29,8 %
Afskriftir	5,4 %	5,9 %	5,7 %	5,7 %	5,5 %
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2,1%)	(0,6%)	0,0 %	1,6 %	9,3 %
	92,5%	92,2%	90,0%	92,9%	94,8%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	7,5 %	7,8 %	10,0 %	7,1 %	5,2 %
Veltufé frá rekstri	14,0 %	14,3 %	15,8 %	12,0 %	15,8 %
Fjárfestingarhreyfingar	(35,5%)	(27,1%)	8,6 %	(49,8%)	6,0 %
Í þúsundum krónum á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur.....	651	599	566	566	508
Aðrar tekjur	132	115	109	109	132
Laun og launatengd gjöld	(415)	(381)	(352)	(352)	(321)
Annar rekstrarkostnaður.....	(282)	(275)	(229)	(229)	(191)
Afskriftir.....	(43)	(39)	(39)	(39)	(35)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	17	(4)	(11)	(11)	(59)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	59	15	45	45	33
Sjóðstreymi:					
Veltufé frá rekstri	110	71	81	81	101
Handbært fé frá rekstri	123	23	125	125	27
Efnahagur:					
Eignir	1.638	1.497	1.577	1.577	1.679
Eigið fé	858	797	626	626	651
Skuldir og skuldbindingar	780	700	950	950	1.029

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	2013	2012	2011	2010	2009
Aðrar lykiltölur:					
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við					
langtímaskuldir mælt í árum	1,53	2,73	36,49	4,78	6,02
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir	1,95	0,87	0,84	0,24	1,14
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/ heildarfjármagn	52%	53%	52%	40%	38%
Skuldahlutfall - skuldir / rekstrartekjur	100%	98%	101%	141%	171%
Útsvarprósenta	14,48%	14,48%	14,48%	13,28%	13,03%
Fasteignaskattprósenta, A-liður	0,55%	0,55%	0,55%	0,50%	0,40%
Fasteignaskattprósenta, B-liður	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattprósenta, C-liður	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi:					
Íbúafjöldi 1. desember.....	697	687	675	670	682
Breyting frá fyrra ári.....	1,5 %	1,8 %	0,7 %	(1,8%)	1,2 %

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2013	%	2012	%	2011	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	455.417	100,0%	415.979	100,0%	400.261	100,0%
Félagsþjónusta	(28.816)	(6,3%)	(38.159)	(9,2%)	(53.774)	(13,4%)
Fræðslu- og uppeldismál	(215.637)	(47,3%)	(195.018)	(46,9%)	(191.462)	(47,8%)
Meningarmál	(16.549)	(3,6%)	(14.114)	(3,4%)	(10.687)	(2,7%)
Æskulyðs- og íþróttamál	(35.143)	(7,7%)	(33.973)	(8,2%)	(29.640)	(7,4%)
Brunamál og almannavarnir	(10.120)	(2,2%)	(8.932)	(2,1%)	(8.749)	(2,2%)
Hreinlætismál	2.686	0,6%	311	0,1%	(541)	(0,1%)
Skipulags- og byggingarmál	(6.157)	(1,4%)	(7.034)	(1,7%)	(5.201)	(1,3%)
Umferðar- og samgöngumál	(6.142)	(1,3%)	(4.156)	(1,0%)	(5.120)	(1,3%)
Umhverfismál	(15.305)	(3,4%)	(11.925)	(2,9%)	(12.634)	(3,2%)
Atvinnumál	(6.810)	(1,5%)	(12.950)	(3,1%)	(6.121)	(1,5%)
Framlög til B hluta	0	0,0%	0		(3.000)	
Sameiginlegur kostnaður	(57.761)	(12,7%)	(56.337)	(13,5%)	(52.616)	(13,1%)
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld	48.049	10,6%	37.211	8,9%	138.371	34,6%
Aðalsjóður samtals	107.711	23,7%	70.903	17,0%	159.087	40,5%
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	(54.125)	(11,9%)	(47.673)	11,5 %	(41.953)	10,5 %
Þjónustumiðstöð	(12.619)	(2,8%)	(12.623)	3,0%	(14.746)	3,7%
A hluti samtals	40.966	9,0 %	10.607	31,5 %	102.388	54,7 %

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er samanburður þriggja síðustu ára á rekstrartekjum, rekstrargjöldum og rekstrarniðurstöðu stofnana sveitarfélagsins sem færðar eru undir B hluta. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2013	Breyting f.f. ári	2012	Breyting f.f. ári	2011	Breyting f.f. ári
Stofnanir í B hluta:						
Hafnarsjóður						
Rekstrartekjur	114.069	(5,2%)	120.310	36,3 %	88.279	32,2 %
Rekstrargjöld	(53.606)	(21,4%)	(68.188)	(23,1%)	(88.721)	63,2 %
Rekstrarniðurstaða	60.463		52.122		(442)	
Vatnsveita						
Rekstrartekjur	15.802	30,5 %	12.111	(20,1%)	15.160	15,9 %
Rekstrargjöld	(7.098)	39,6 %	(5.086)	(16,2%)	(6.067)	35,6 %
Rekstrarniðurstaða	8.704		7.025		9.093	
Fráveita						
Rekstrartekjur	5.762	13,2 %	5.089	5,6 %	4.819	(2,2%)
Rekstrargjöld	(6.564)	(6,0%)	(6.985)	6,0 %	(6.592)	25,7 %
Rekstrarniðurstaða	(802)		(1.896)		(1.773)	
Félagslegar íbúðir						
Rekstrartekjur	11.814	(44,1%)	21.132	(56,9%)	49.058	386,9 %
Rekstrargjöld	(10.852)	(33,8%)	(16.392)	(17,8%)	(19.945)	122,2 %
Rekstrarniðurstaða	962		4.740		29.113	
Lyfsala						
Rekstrartekjur	36.873	(2,6%)	37.875	17,0 %	32.378	1,5 %
Rekstrargjöld	(36.191)	(2,2%)	(37.002)	12,0 %	(33.041)	2,7 %
Rekstrarniðurstaða	682		873		(662)	
Sundabúð						
Rekstrartekjur	124.039	-	0	-	0	-
Rekstrargjöld	(125.527)	-	0	-	0	-
Rekstrarniðurstaða	(1.488)		0		0	
Atvinnueflingarsjóður						
Rekstrartekjur	7.458	-	0	-	0	-
Rekstrargjöld	0	-	0	-	0	-
Rekstrarniðurstaða	7.458		0		0	
Skiphólmi ehf.						
Rekstrartekjur	0	-	0	-	120.921	-
Rekstrargjöld	(302)	(42,0%)	(521)	(71,7%)	(1.840)	(80,3%)
Rekstrarniðurstaða	(302)		(521)		119.081	
Arnarvatn ehf.						
Rekstrartekjur	1.423	(41,0%)	2.414	110,0 %	1.149	36,8 %
Rekstrargjöld	(4.003)	40,7 %	(2.844)	(11,1%)	(3.199)	4,6 %
Rekstrarniðurstaða	(2.579)		(430)		(2.050)	
B hluti samtals	73.097		61.913		152.360	

Skýringar, frh.:

21. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, fjárhagsáætlun með viðaukum og rauntölum ársins. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðauka	Upphaflag áætlun 2013	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðauka	Upphaflag áætlun 2013
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	304.884	311.491	311.491	302.485	309.091	309.091
Framlög Jöfnunarsjóðs	148.592	125.215	125.215	148.592	125.215	125.215
Aðrar tekjur	91.681	80.130	80.130	379.856	377.821	496.821
	545.157	516.836	516.836	830.933	812.127	931.127
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	289.308	272.492	272.492	405.940	387.992	487.692
Annar rekstrarkostnaður	196.844	176.792	176.792	242.326	241.145	260.445
	486.152	449.284	449.284	648.265	629.137	748.137
Rekstramiðurstaða án afskrifta, fjárm.tekna og fjármagnsgjalda	59.004	67.552	67.552	182.668	182.990	182.990
Afskriftir	29.663	30.463	30.463	50.263	44.363	44.363
Rekstramiðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda	29.342	37.089	37.089	132.405	138.627	138.627
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	11.624	3.027	3.027	(18.342)	(30.451)	(30.451)
Rekstrarniðurstaða	40.966	40.116	40.116	114.063	108.176	108.176

Skýringar, frh.:

22. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, sjóðstreymisáætlun með samþykktum viðaukum og rauntölum ársins. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðauka	Upphaflag áætlun 2013	Ársreikningur 2013	Áætlun 2013 með viðauka	Upphaflag áætlun 2013
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	40.966	40.116	40.116	114.063	108.176	108.176
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	29.663	30.463	30.463	50.263	44.363	44.363
Verðbætur	1.162	3.200	3.200	14.437	19.334	19.334
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	4.560	0	0	4.560	0	0
Veltufé frá rekstri	76.351	73.779	73.779	183.322	171.873	171.873
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	5.149	0	0	5.440	0	0
Óinnh. skatttekjur, (hækkun) lækkun	(542)	0	0	(542)	0	0
Aðrar skammtímakröfur, hækkun	(20.555)	0	0	(18.659)	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	27.532	0	0	26.018	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(2.123)	0	0	(2.123)	0	0
	9.462	0	0	10.134	0	0
Handbært fé frá rekstri	85.813	73.779	73.779	193.456	171.873	171.873
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfestingu í varanl. rekstrarfjárumnum	(159.056)	(141.500)	(141.500)	(175.604)	(153.000)	(153.000)
Eignarhlutur í félögum, breyting	(100)	0	0	(100)	0	0
Langt.kröfur á eigin fyrirtæki, breyting	(34.142)	1.514	1.514	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(193.298)	(139.986)	(139.986)	(175.703)	(153.000)	(153.000)
Fjármögnunarhreyfingar						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	93.496	53.394	53.394	0	0	0
Afborganir langtímalána	(18.473)	(19.204)	(19.204)	(50.215)	(50.892)	(50.892)
Aðrar skuldbindingar, breyting	(7.038)	0	0	(7.038)	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	67.985	34.190	34.190	(57.253)	(50.892)	(50.892)
Lækkun á handbæru fé	(39.500)	(32.017)	(32.017)	(39.500)	(32.019)	(32.019)
Handbært fé í ársbyrjun	119.536	184.535	184.535	120.041	185.722	185.722
Handbært fé í árslok	80.036	152.518	152.518	80.541	153.703	153.703



Greinargerð með ársreikningum Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2013 við afgreiðslu þeirra við síðari umræðu í hreppsnefnd 3. apríl 2014.

Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2013 eru lagðir fram til síðari umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag, 3. apríl 2014. Alls samanstanda reikningarnir af 12 sjóðum, sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 9 B- hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 545,2 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 304,9 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 148,6 m. kr. og aðrar tekjur 91,7 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 486,2 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 29,7 m.kr. eru gjöld A- hluta 515,9 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna umfram fjármagnsgjöld að fjárhæð 11,6 m.kr. er rekstrarniðurstaða A- hluta jákvæð um 40,9 m.kr.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 59,0 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 182,7 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 830,9 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 50,2 m. kr., voru 698,6 m.kr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 132,4 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunagjalda, að fjárhæð 18,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 114,1 m. kr. hagnaði árið 2013.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 27,1 % eða úr 509,9 m. kr. 2012 í 648,3 m.kr. árið 2013. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af því að sveitarfélagið tók á árinu við rekstri legudeildarinnar að Sundabúð af ríkinu. Kostnaður vegna þess er 125,5 m.kr. þ. a. þegar hann hefur verið dreginn frá hækka almenn rekstrargjöld um 2,5 %. Heildargjöld að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda/tekna hækka um 20,2 % eða úr 596,3 m.kr. 2012 í 716,8 m.kr. árið 2013. Sé rekstrarkostnaður vegna Sundabúðar, legudeildar dregin frá eru heildargjöld ársins 2013 591,3 m.kr., sem er lækkun um tæplega 1 %.

Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 72,5 m.kr. árið 2012 í 114,1 m.kr. hagnað árið 2013.

Megin skýring þess er sú að allvel hefur tekist til í rekstri sveitarfélagsins almennt og einnig og ekki síst vegna þess að á síðustu árum hefur verið greitt verulega niður af lánnum sveitarfélagsins og engin ný lán tekin þrátt fyrir miklar framkvæmdir. Með þessu móti hefur verið mögulegt að lækka fjármagnsgjöld verulega og þannig hefur tekist að fjármagna framkvæmdir án þess að ný lán séu tekin. Þessi aðferð við rekstur fjármála sveitarfélagsins

skilar mun meiri getu til framkvæmda og aukinnar þjónustu við íbúana en ella væri. Verði rétt haldið á spilum í framhaldinu geta Vopnfirðingar gengið léttstígir inn í framtíðina.

Í neðangreindri töflu sést hvernig útgjöldin í heild skiptast hlutfallslega og hver rekstrarniðurstaða áráanna 2012 og 2013 er:

	Árið 2012		Árið 2013	
	M.kr.	%	M.kr.	%
Laun og launatengd gjöld og				
Lífeyrisskuldbinding	278,4	46,7	405,9	56,6
Annar rekstrarkostnaður	231,5	38,8	242,3	33,8
Afskriftir	46,2	7,7	50,2	7,0
Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	40,3	6,7	18,3	2,3
Samtals gjöld	596,4	100,0	716,8	100,0
Heildartekjur	668,9		830,9	
Rekstrarniðurstaða	72,5		114,1	

Af framansögðu er ljóst að afkoma sveitarsjóðs er ágæt þegar, tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Jákvæð rekstrarniðurstaða skýrist að langstærstum hluta af því að almennar tekjur hækka meira en ráðgert var í fjárhagsáætlun, ennfremur hefur tekist að halda rekstrarkostnaði í skefjum með aðhaldi og hagræðingu þó verðlag hafi hækkað meira en ráð var fyrir gert. Fjármagnskostnaður hefur einnig lækkað verulega, sem skýrist fyrst og fremst af því að lán hafa verið greidd verulega niður og fjármagnskostnaður þar með lækkað. Jafnhliða hefur ríkisstjórninni tekist að halda verðbólgunni innan skikkanlegra marka.

Fyrir rekstur sveitarfélaga jafnt sem annarra fyrirtækja skiptir sköpum að takast megi að halda verðlagi stöðugu. Ljóst er að miklu skiptir hvernig stjórnvöldum á hverjum tíma tekst að glíma við verðbólguþrauginn.

Á liðnu ári var áfram haldið með aðgerðir til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna. Í stórum dráttum má segja að á þessum liðum hafi tekist ágætlega til við að halda í horfinu. Nokkur hækkun hefur þó orðið á launalið til að mynda í fræðslumálum, sem skýrist af miklum kostnaði vegna veikinda og forfalla, sem leitt hafa til þess að ráða hefur þurft viðbótar starfskrafta til þess að halda uppi þeirri þjónustu, sem að var stefnt.

Laun og önnur rekstrargjöld hækkuðu samtals um 2,5 % eða úr 509,9 m.kr. árið 2012 í 522,8 m.kr. árið 2013, þegar kostnaður vegna yfirtöku Sundabúðar hefur verið dreginn frá. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað verulega í verði milli ára. Nægir þar að nefna rafmagn, olíur og matvæli svo dæmi séu tekin, þá hækka laun einnig fyrir áhrif kjarasamninga sem tóku gildi á árinu sem var að líða.

Laun og launatengd gjöld hækka úr 278,4 m.kr. 2012 í 405,9 m.kr. 2013, sem er

45,8 % hækkun. Þessi mikla hækkun skýrist af því að launakostnaður Sundabúðar, sem tekin var yfir á árinu var 99,9 m.kr. Sé hann tekinn frá þá hækka laun í 306 m. kr. eða um 9,9 %. Sú hækkun skýrist af þáttum sem gert hefur verið grein fyrir hér að framan.

Í ársreikningnum eru sérstaklega færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Lífeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 54,5 m.kr. í árslok 2013.

Varðandi nánari útlitun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2013 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var framkvæmt fyrir 175,6 m.kr. nettó. Helstu framkvæmdirnar voru jarðvinna og lagnavinna í götum bæjarins og jafnframt stigið verulegt skref í malbikun gatna. Þá var keypt verulegt magn af hellusteini, sem nýttur var í hellulagnir í miðbænum. Á komandi ári verður áfram haldið á þeirri braut, enda búið að kaupa hellur í það. Á árinu var og ráðist í verulegar framkvæmdir við sundlaug sveitarfélagsins í Selárdal, en Umhverfissráðuneyti og yfirvöld Heilbrigisefirlits höfðu farið fram á lokun laugarinnar, nema ráðist yrði í verulegar aðgerðir til þess að bæta aðstöðuna í lauginni m.a. með tilliti til gæða baðvatnsins. Þá var lagfært dýpið í höfninni og ráðist í viðhaldsframkvæmdir af ýmsu tagi.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 14,4 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2013, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Þessi kostnaður hefur farið stíglækkandi milli ára vegna lækkandi skulda sveitarfélagsins. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar eins og áður hefur komið fram.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 5,5 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærri tala hefði hlutfall erlendra lána verið herra. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánnum á sínum tíma.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,2 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi 2013 er þetta skuldahlutfall 79,5 %. Annað viðmið sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 75,6 % í ársreikningi 2013.

Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í umgötinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2013 á móti afborgunum lána. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 674,9 m. kr. í 660,6 m.kr. eða um 14,3 m. kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 183,3 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á

rekstartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 193,4 m.kr., sem er 23,3 % af heildartekjum.

Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 80,5 m.kr. en var í upphafi ársins 120 m. kr.

Vopnafjarðarhreppur á hlutafé í ýmsum fyrirtækjum og er þar helst að nefna Lánasjóð Sveitarfélaga ohf., Sláturfélag Vopnfirðinga ehf., Drekasvæðið ehf, Skiphólma ehf., Arnarvatn ehf., GÁF ehf. o.fl.

Í raun má segja að sú stefna sem tekin var með ákvörðun um að greiða skuldir sveitarfélagsins verulega niður hefur skilað sér í mun sterkari stöðu sveitarfélagsins til þess að sinna skyldum sínum bæði með aukinni þjónustu og nauðsynlegum framkvæmdum. Fjármagnskostnaður hefur lækkað til muna og jafnframt lækka árlegar afborganir verulega. Á þessari braut var áfram haldið á árinu 2013 og engin ný lán tekin eins og áður hefur verið greint frá. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2015-2017 er ekki gert ráð fyrir að tekin verði ný lán heldur við það miðað að lækka skuldir enn frekar. Í árslok ársins 2017 er reiknað veð að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði 56,1 % og skuldaviðmið 54,8 %, sem er langt innan þeirra marka, sem sveitarstjórnarlög heimila eins og fram hefur komið. Rými sveitarfélagsins til þess að sinna skylduverkefnum sínum eykst því verulega fyrir tilstilli þess að vasklega er gengið fram við niðurgreiðslu skulda.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings geta Vopnfirðingar horft björtum augum til framtíðar.

Ljóst er þó að halda þarf fast utan um stjórnvölinn til þess að settum markmiðum verði náð.

Vopnafirði 3. apríl 2014

Þorsteinn Steinsson,
sveitarstjóri
Vopnafirði

